

## REGLUGERÐ

**um innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7. apríl 2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans.**

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2004 frá 3. desember 2004 gildir eftirtalin EB-gerð hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum sammingsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7. apríl 2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 hefur áður verið birt sem fylgiskjal með reglugerð nr. 653/2005 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 2005, bls. 1444-1451.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, öðlast þegar gildi.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi 1. gr. í reglugerðar nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. reglugerð nr. 653/2005.

*Viðskiptaráðuneytinu, 18. september 2006.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jónína S. Lárusdóttir.*